



Reykjavík, 9. mars 2017

Niðurstöður athugunar á innri endurskoðun Kviku banka hf.

Fjármálaeftirlitið hóf athugun á innri endurskoðun hjá Kviku banka hf. í nóvember 2016. Markmið athugunarinnar var að kanna hvernig innri endurskoðun bankans væri háttað og hvort hún væri í samræmi við 16. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og leiðbeinandi tilmæli nr. 3/2008 um störf endurskoðunardeildar fjármálafyrirtækja.

Niðurstöður athugunarinnar lágu fyrir í febrúar 2017 og eru þær byggðar á gögnum og upplýsingum miðað við stöðuna eins og hún var á þeim tíma sem athuginin fór fram.

Fjármálaeftirlitið gerði eftirfarandi athugasemdir:

- Framsetning á niðurstöðum í skýrslu innri endurskoðanda bankans, sem skilað er eigi sjaldnar en árlega til Fjármálaeftirlitsins samkvæmt 4. mgr. 16. gr. laga um fjármálafyrirtæki, gefur ekki skýra mynd af niðurstöðum þeirra athugana sem framkvæmdar hafa verið af hálfu innri endurskoðanda.
- Í skýrslu innri endurskoðanda bankans koma ekki fram upplýsingar um stöðu athugasemda og ábendinga frá fyrra ári (árum) og hvort þeim sé lokið.

Fjármálaeftirlitið gerði kröfu um að Kvika banki hf. gerði viðeigandi úrbætur vegna ofangreindra athugasemda.

Fjármálaeftirlitið setti einnig fram nokkrar ábendingar um atriði sem Fjármálaeftirlitið telur að betur megi fara.